



Jon Michelet tyllir sér á afurð modernismans í Vatnsmýrinni. Mynd: Sig.

ÉG ER ENGINN ÓVINUR KVENNA

Norski rithöfundurinn Jon Michelet skrifar harðsoðna reyfara og unglingsbækur, rífst við Kjartan Fløgstad og er í framboði fyrir flokk maoista

Jon Michelet – eftirnafnið hljómar ekki sérlega norskt. „Nei, það er franskt. Forfeður mínir voru franskir málaliðar sem komu til Noregs á 17. öld þeirra erinda að berja á sænskum,“ segir Jon þar sem við sitjum yfir kaffibollum í Norræna húsinu. Hann er gestur á bókmenntahátíð og af mörgum talinn einn besti höfundur spennusagna sem nú lifir á Norðurlöndum.

Hann hefur fleiri járn í eldinum. Þessa dagana er verið að lesa í útvarp framhalds-sögu eftir Michelet. **Sprengingin okkar** nefnist hún og það er Kristján Jóhann Jónsson sem þýðir og les. Það sem er athyglisvert við þessa bók, ásamt öðru, er að hún er skrifuð fyrir unglinga. Jon Michelet er hins vegar þekktari fyrir harðsoðna reyfara og frásagnir úr heimi karlmanna: pólitíska þriller og heimsmeistarakeppni í knattspyrnu. Um skeið lá hann

undir þungum ásökunum frá norsku kvennahreyfingunni fyrir karlrengu og fleira vont.

Af 18 bókum Michelets hefur ein komið út í íslensku þýðingu: *Járnkrossinn* sem kom út í Noregi árið 1976 en hér á landi tveimur árum síðar. Rithöfundarferill hans hófst árið 1975 með bókinni *Den drukner ei sem henges skal*. Þar gafst lesendum fyrsta tækifærið til að kynna Wilhelm Thygesen sem síðan hefur verið aðalpersónan í mörgum bókum. Við urðum ásáttir um það í Norræna húsinu á mánudaginn að Thygesen þessi væri einskonar blanda af Philip Marlowe og Martin Beck, tveimur ólíkum fulltrúum þeirrar bókmenntagreinar sem Michelet hefur orðið þekktastur fyrir.

Sjómaður fer í land

Bækur Michelet bera þess glöggvitni að höfundurinn hefur víða farið um heiminn. Brasília,

Panama, New York, Sambia, Svalbarði – og oft fjalla bækurnar um sjómenn eða atvinnurekendur þeirra, útgerðarmenn. Kannske engin furða því Michelet, sem fæddur er lýðveldisárið, er með skipstjórnarmenntun og var lengi til sjós áður en hann gerði ritvélina að atvinnutæki sínu. Hvernig bar þessi umskipti að?

„Mér fór að leiðast sjómennskan enda voru skemmtilegustu skipin að hverfa. Það voru millilandaskipin sem fóru víða og stoppuðu lengi í hverri höfn. Mig langaði ekkert að vera stýrimaður á skipi sem sigldi fasta rútu milli Rotterdam og Persaflóa. Svo ég fór í land árið 1968 og sótti um inngöngu í norska blaðamannaskólann. Ég var reyndar ekki bjartsýnn á að fá inngöngu en þeir voru bersýnilega á því að breyta til og fá inn fólk með reynslu úr atvinnulífinu. Þeir sáu að ég hafði áhuga og hann hafði ég – og náði besta árangri sem nokkur blaðamannskunemi hefur náð við skólann.“

Svo fékk ég vinnu við blaðið Nordlyset í Tromsø þar sem sérsvið mitt varð Norður-Íshafið.

Þar var ég á þriðja ár en þá voru tvö deilumál uppi í Noregi sem héldu mönnum föngnum: Vietnamstríðið og aðild Noregs að Efnahagsbandalagi Evrópu. Blaðið var hlynnt hvorutveggja en ég andvígur svo það endaði með því að ég var rekinn með nokkrum hávaða. Þá byrjaði ég að skrifa og gaf út mína fyrstu bók 1975.“

Í framboði fyrir maoista

Blaðamaður rifjar það upp að í fyrsta sinn sem hann sá nafn viðmælenda á prenti hafi það verið sem dálkahöfundurinn Jon M. í norska maoistablaðinu Klassekampen.

„Jú, mikið rétt. Þar hélt ég úti vikulegum dálki í 10 ár frá 1973-83.“


– Og ertu kannski ennþá maoisti?

„Já, og meira að segja í framboði til fylkisþings í kosningum sem fram fara í dag,“ segir Jon og verður ákafur. „Ég er í fyrsta sæti, svo hugsanlega verð ég orðinn pólitíkus á morgun. Til

þess þurfum við að vísu að tvöfalda atkvæðamagn okkar en það er alveg til í dæminu. Ég hef rekið harða kosningabaráttu og gert málefni innflytjenda að mínu aðalmáli. Þar hef ég reynt að fylkja öllum flokkum gegn Framfaraflokknum sem rekur hreina kynþáttapólitík. Hann vill reka innflytjendur heim en ég svaraði með því að setja fram kröfu um að einni miljón innflytjenda verði hleypt inn í landið á næstu árum. Við höfum alveg efni á því og okkur vantar vinnuafli. Með þessu móti hefur mér tekist að koma máli innflytjenda á dagskrá en við þá hafa stóru flokkarnir, hægri og kratar, verið hræddir. Þeim finnst málið of hættulegt.“

Ég lít svo á að með þessari stefnu sé ég trúr ákveðinni hefð sem norskir rithöfundar hafa fylgt. Það var t.a.m. Wergeland sem kom inn í fyrstu stjórnarskrá Noregs ákvæðum sem gerðu gyðingum kleift að setjast að í landinu. Björnsterne Björnsson tók virkan þátt í baráttu tékka og slóvaka fyrir rétti þeirra til að stofna sjálfstætt ríki. Og Nordal Framhald á síðu 6

SVÆDISSTJÓRN
MÁLEFNA FATLAÐRA
NORÐURLANDI EYSTRÁ



Proskapjálfi

Óskast á samþýli á Akureyri.
Upplýsingar gefur forstöðumaður í síma: 96-26960 kl. 13-16.



Fósturfjölskylda

Félagsmálastofnun Kópavogs óskar eftir fósturfjölskyldu fyrir 18 ára stúlku.
Upplýsingar veitir unglíngafulltrúi Félagsmálastofnunar í síma 45700.

Félagsmálastofnun Kópavogs

OPIÐ HÚS

Í tilefni af hálftrar aldar afmæli rannsóknna í þágu atvinnuveganna verða Rannsóknarstofnanir sjávarútvegsins, Hafrannsóknarstofnunin og Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins opnar almenningi frá kl. 10-16 í dag, föstudaginn 18. september.

Þá munu starfsmenn taka á móti gestum í anddyrinu að Skúlagötu 4 og skýra þá starfsemi sem þar fer fram í máli og myndum.

Blikkiðjan

Iðnbúð 3, Garðabæ.

Önnumst hverskonar blikksmíði.
Gerum föst verðtilboð.



46711

Miðum
hraða
ávallt við
aðstæður
!

UMFERÐAR
RÁÐ

Framhald af síðu 5

Grieg... Norskir rithöfundar hafa ávallt barist fyrir rétti minnihlutahópa.

Brasilískur skíðastökkvari

Í fyrstu bókum Michelets, t.d. *Járnkrossinum* og *Orionsbelte* (sem hefur verið kvikmynd), gætur nokkuð beinskeyts áróðurs sem ekki verður vart við í síðari bókunum. Að vísu eru ýmis samfélagsvandamál aldrei langt undan en með óbeinni hætti. Ég spyr hvort þetta sé meðvitund breyting.

„Já, boðskapurinn er ekki jafn slagorðakenndur og áður. Í því felst þróun mín sem rithöfundar. Það sem er rauður þráður í bókum mínum er ákveðin afstaða til þriðja heimsins. Ég lít svo á að það sé mikilvægt fyrir Noreg, ríkustu þjóð veraldar, að sinna samskiptunum við Þriðja heiminn betur en gert hefur verið. Í því skyni reyni ég að sýna íbúa hans í bókum mínum. Um næstu mánaðamót kemur út fyrsta bindið í nýjum bókaflökki sem ég held að verði veigamesta ritverk mitt á þessum áratug. Flokkurinn heitir *Den flygende brasilianer* og er skrifaður fyrir unglíng. Þar segir frá brasilískum sjómanni frá Rio sem kemur til Osló og verður ástfanginn af stúlku frá ríka Noregi. Bækurnar fjalla um samband þeirra en ævintýrið er einnig nærri: sjóarinn brasilíski ætla sér að verða fremsti skíðastökkvari heims. Meira má ég eiginlega ekki segja.“

Að skaffa unglíngum lesefni

– Önnur unglíngabók? Ertu alveg búinn að snúa þér að þeim aldurshópi?

„Ekki segi ég það nú, ég er t.d. búinn að vinna lengi að leikriti og hef farið til Dúdan og víðar í efnisleit. En þetta var mér ákveðin nauðsyn. Ég varð að losa mig við þá töffaraímynd sem ég var orðinn fastur í. Hún var orðin of þröng fyrir mig. Þessi breyting leysti ýmsa krafta úr læðingi. Önnur ástæða til að skrifa unglíngabækur er sú að æskan fær ekkert almennilegt að lesa. Sumir lesa aldrei bók. Ég setti mér það mark að skrifa bók sem gæti orðið fyrsta bókinn í lífi 16 ára stúlku. Þetta gerði gífurlegar kröfur til mín, ég hef aldrei unnið eins mikið með texta eins og í þessum bókum.“

Ég er búinn að koma mér upp kenningu sem er á þá leið að það sé enginn vandi að skrifa flóknar og innhverfar bækur. Þær fylgja ákveðnum formúlum sem auðvelt er að tileinka sér. En það er verulega erfitt að brjótast í gegnum hávaðann og ná inn að hjarta 16 ára stúlku. Slík bók verður að koma frá hjartanu en samtímis að vera úthverf.“

– Og hvernig hefur gengið?

„Mjög vel. Að vísu var *Sprengingin* okkar ekki sérlega vinsæl í Noregi til að byrja með. En nú er búið að þýða hana á mörg tungumál og verið að gefa hana út aftur í Noregi. Ég hef fengið mikil og góð viðbrögð við henni frá unglíngum. Ein ástæða fyrir vinsældunum er held ég sú að í bókinni hefur sögumaðurinn öll völd. Það er allt á hreinu með það og ég rökstyð fyrir lesendum af hverju fullorðna fólk heldur rétt til að segja börnum sögur. Það hefur af mikilli reynslu að miðla. Í bókinni er töluverður fróðleikur um Afríku og hann er öðruvísi en þær upplýsingar sem yfirleitt eru veittar um Afríku.“

Michelet og konurnar

Fyrir fimm árum sendi Michelet frá sér bókina *Terra Roxa* um norska konu í Brasilíu. Fyrir þá bók fékk hann verðlaun forlagsins Gyldendal en norska kvenna-


hreyfingin var lítt hrifin af henni.

„Já, feministarnir beittu sér mjög gegn bókinni og sögðu að ég bæri ekkert skynbragð á hugsunarhátt kvenna. Ég var líka sakadur um karlrembu – *machismo*. Ég varð öskureiður og svaraði fyrir mig, einkum vegna þessa með karlrembuna. Ég hef verið mikið í Suður-Ameríku og kynnst *machismo* betur en margir aðrir. Ég hef barist gegn *machismo* því þannig eru bara fífl. Ég held að viðhorf kvenna til mín hafi breyst talsvert og séu bara nokkuð góð núna. Þær hafa séð að ég hef barist fyrir þeirra málstað, t.d. með því að taka upp málefni innflytjendakvenna sem standa neðst í þjóðfélagsstiganum. Bókin mín frá Afríku er tileinkuð og skrifuð fyrir dóttur mína og þetta hefur haft sín áhrif á viðhorf kvenna til mín. Nei, ég held ekki að ég sé neinn óvinur kvenna.“

Draumalesandi frá Bærum

Michelet tilheyrir kynslóð norskra rithöfunda sem er bæði fjölmenn og ákaflega virk í umræðu um menningarpólitík. Þar hefur ekki síst verið rætt um tengsl hámenningar og lágmenningar ef svo má segja, eða öllu heldur fínmenningar og fjöldamenningar. Hver er afstaða Michelet til fjöldamenningar?

„Ég held að bókin verði að sýna varkárni andspænis fjölda-



menningunni. Hún má ekki skrifa fyrir henni og bókin verður að gera sér grein fyrir að hún er allt öðruvísi hlutur en sjónvarp eða seguband: það er ekki hægt að slökkva á bókinni.“

Ég hef hins vegar alltaf reynt að tengja saman starf mitt sem rithöfundur og pólitísk afskipti mín. Sumpart finnst mér ég vera svipaður rokksöngvari. Enda var einu sinni sagt um fund þar sem ég deildi við fulltrúa Hægri-flokksins að hann hefði verið eins og grátsöngvari frá kreppuárunum meðan ég var eins og Bruce Springsteen. Það fannst mér góð samlíking. Ég hef notfært mér stöðu mína sem rithöfundur til að ná sem mestum tengslum við fólk. Ég vil skapa þá mynd af mér að ég sé maður sem kann að segja sögur og að fólk sé óhætt að ræða við mig. Ég hef það á tilfinningunni að mér hafi tekist það.“

– Veistu hverjir lesendur þínir eru?

„Það sem ég veit er að lesendahópurinn er ótrúlega blandaður en mestan part ungt fólk. Í flugvélinni á leiðinni hingað var hópur norskra menntaskólanema sem hafði valið að læra nútímaís-lensku í stað fornnorsku eins og öllum er gert að læra í Noregi. Þar var ung stúlka, 18-19 ára, frá auðmannshverfinu Bærum í vesturhluta Osló. Hún sagðist styðja Hægri-flokkinn en valdi bækur mínar sem ritgerðarefni í skólanum. Þetta er draumalesandinn minn.“

Ég hef engan áhuga á að skrifa

bara fyrir þá sem eru sammála mér. Ég hef oft ögrað þeim mest sem næst mér standa. Rithöfundar eiga að ögra og gera það sem enginn býst við af þeim. Helge Krog sagði einhverju sinni að ef hann myndi eitthvað sem hann gæti fandi á, fjárhagslega eða í áliti samborgara sinna, þá vissi hann að það væri það rétta. Hins vegar hef ég aldrei sýnt fólkni kulda og fyrirlitningu. Ég vil vera hlýr og ber ást til þeirra sem ég ögra.“

– Ertu búinn að gefa *Thygesen upp á bátinn*?

„Nei. Það er alltaf verið að biðja mig um fleiri bækur með *Thygesen* en hann kemur bara þegar ég vil. Hann er vinsæll og bækurnar um hann hafa verið þýddar á ýmis tungumál. Nú er verið að ræða um að kvikmynda hann á ensku. Það kostar mig fé að skrifa ekki fleiri bækur um hann en hann er ekki til sölu. Hann kemur þegar ég vil að hann komi.“

Maóismi og módernismi

Eins og áður sagði tilheyrir Michelet fjölmennri kynslóð sem hefur leitt af sér mikla nýsköpun og grósku í norskum bókmenntum. Reyndar skiptist þessi kynslóð í ákveðna hópa og Michelet er í þeim sem nefndir hafa verið AKP-höfundarnir eftir flokki maóista.

„Margir okkar eru ennþá AKP-höfundar en það sem heldur okkur við efnið er ekki að við séum ein og samstæð heild, miklu frekar það hversu ólíkir við erum. Við Dag Solstad höfum t.d. ritað saman tvær bækur um heimsmeistarakeppnina í knattspyrnu og það sem fólk finnst skemmtilegt við þær er hve ólíkt viðhorf okkar er til keppinnar og íþróttarinnar.“

Við erum líka 68-kynslóðin og það sem mótaði okkur mest af öllu var baráttan gegn aðild Noregs að EBE. Hún skipti sköpum fyrir þróun okkar og er höfuðástæðan fyrir því hversu lífseigur maóisminn hefur reynst í Noregi. Í miðri baráttunni gegn EBE kom kínverski sendiherrann á fund AKP og ráðlagði okkur á láta af andstöðu okkar gegn EBE. Það gátum við vitaskuld ekki og neyddumst því til að vera norskir. Það varð okkur til lífs.“

Þótt jafnaldrar Michelet í rithöfundastétt eigi margt sameiginlegt eru þeir ósammála um margt og í fyrsta gaf Michelet út 100 blaðsíðna opið bréf til Kjartans Flögstad þar sem hann deildi hart á ýmsar skoðanir hans. En er til eitthvert sameiginlegt einkenni á þessum hópi?

„Það sem sameinar þessa kynslóð er að við erum börn modernismans. Faðir minn var mikill baráttumaður fyrir modernismannum í málverkinu og ritaði bók um hann. Þess vegna er modernisminn mín kjölfesta. Það hefur tekið mig tíma að átta mig á þessu en þegar ég sat uppi með bækur foreldra minna og leit til baka á eigin verk sá ég hvaðan ég hafði viðhorfin og verklagið. Hins vegar eru menn ekki allir komnir úr sömu átt. Til dæmis er Kjartan Flögstad úr annarri átt en ég. Hans módernismi er ættadur frá Argentínu, Borges og félögum, meðan minn er sænskur og amerískur, frá Sjöwall og Wahlöö, Chandler og Hammett.“

Þótt ég hafi gengist við nafnbótinni AKP-höfundur vil ég ekki viðurkenna að ég tilheyrí ákveðnum skóla. Ég vil hafa tengsl við sem flesta og Flögstad er vinur minn þótt ég hafi deilt við hann. En það getur verið erfitt að halda dyrunum opnum. Maður á alltaf á hættu að fá kjaftshögg,“ segir Michelet en virðist þó hvergi banginn. Hann nýtur þess bersýnilega að slást. Eru þeir svona lífseigir frönsku málaliðarnir?

–PH